

GRUNNSTADLAR BLACKBERRY SAMFÉLAGSINS Á NETINU

Við hjá BlackBerry ætlumst til að samfélag og þjónusta okkar á netinu, eins og BBM Channels, séu skemmtileg og örugg svæði fyrir fólk til að deila hugmyndum og upplýsingum með öðrum sem hafa svipuð áhugamál. Til þess að tryggja að viðhaldið sé vistvænu umhverfi fyrir notendur er áriðandi að notendur tileinki sér samskipti sem uppfylla eftirfarandi staðla:

1. **Sýna virðingu.** Ekki ófrægja, atyrða, hrella, hrekkja, áreita, hóta, meiða, eða á annan hátt brjóta á löglegum rétti (t.d. til friðhelgi eða opinberrar tjáningar og samningsbundnum eignarrétti eða hugverkarétti) annarra.
2. **Vera kurteis.** Ekki gefa út, birta, hlaða upp, dreifa eða senda út neitt óviðeigandi, dónalegt, ærumeiðandi, klúrt, ósæmilegt eða ólögleg efni, nöfn, umræðuefni eða upplýsingar.
3. **Vera löghlýðin.** Ekki brjóta nein viðeigandi lög eða reglur, senda út eða dreifa njósnahugbúnaði, spilliforritum, vírusum eða einhverju því sem truflað getur þjónustu eða valdið öðrum skaða.
4. **Vera heiðarleg(ur).** Ekki fara í gervi annarra einstaklinga eða lögaðila, villa á þér heimildir eða halda fram fólkskum tengslum við einstaklinga og lögaðila eða skapa falskar persónur til að villa um fyrir öðrum, sem leiðir til óviðbúinnar, falskrar eða ósanngjarnrar reynslu fyrir aðra; og
5. **Sýna góða dómgreind.** Ekki senda „ruslpóst“ eða reyna að selja fólki án samþykkis þess, þ.m.t. afrit pósta eða fjölda svipaðra pósta eða pósta sem ekki eru viðeigandi fyrir samskiptin sem fram kunna að fara.

Staðlarnir okkar eru sniðnir að því markmiði að skapa áhugaverða, verðmæta, skapandi og það sem mestu máli skiptir, ánægjuríka reynslu fyrir notendur okkar.